

Athugasemdir stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla um matskerfi opinberra háskóla

Hér fara á eftir athugasemdir stjórnar FPR um matskerfið sem nú er til endurskoðunar. Stjórnin styður að notast sé áfram við matskerfi af þessu tagi og telur núverandi kerfi hafa bætt verulega árangur í háskólastarfi, einkum háskólarannsóknnum. Kerfið er ekki gallalaust eins og bent hefur verið á í fyrri umsögnum og athugasemdum stjórnarinnar. Stjórnin leggur til endurbætur og lagfæringar í öllum köflum matsreglnanna.

I. Um matsreglur vegna stjórnunar

Matskerfi opinberra háskóla metur stjórnun með eftirfarandi hætti:

C. Stjórnun

Veitt eru stig fyrir stjórnun í samræmi við neðangreint. Umfang (velta, fjöldi starfsmanna, nemenda o.fl.) ræður stigamati í liðum C1, C4, C5.

C1. Formaður námsbrautar (5-10 stig/ári)

C2. Formaður í starfsnefnd háskólaráðs og fastadómnefnd fræðasviðs (10 stig/ári)

C3. Formaður í helstu starfsnefndum fræðasviða (5 stig/ári)

C4. Forstöðumaður rannsóknastofnunar (5-15 stig/ári)

C5. Deildarforseti/deildarformaður (25-50 stig/ári)

C6. Fræðasviðsforseti (75 stig/ári)

C7. Rektor (100 stig/ári)

C8. Aðstoðarrektor (50 stig/ári)

C9. Seta í háskólaráði (5 stig/ári)

C10. Seta í nefnd á vegum háskólaráðs eða rektors (2 stig/ári)

C11. Formaður í nefnd á vegum háskólaráðs eða rektors (3 stig/ári)

C12. Seta í dómnefnd um störf við háskóla (2 stig)

Starfinu verður að vera lokið til þess að það sé metið til stiga. Í C12 eru veitt 2 stig fyrir hverja dómnefnd en að hámarki 10 stig á ári.

Samkvæmt ofanskráðum reglum fást stjórnunarstig einkum ef stjórnunin tengist sérstökum stjórnunarembættum í háskólanum, en einnig ef hún er formlega tengd háskólaræktor eða háskólaráði. Einu undantekningarnar eru seta í dómnefnd og formennska í „helstu starfsnefndum fræðasviða“.

Ljóst er að megnið af stjórnun háskólakennara umfram stjórnunarskyldu fer fram í þeim deildum háskólans þar sem þeir eru ráðnir, og fellur því alfarið utan ofangreindra liða frá C1-C12. Þá er stjórnun á vettvangi sviða einnig að mestu leyti undanskilin. Þetta veldur miklu misræmi þegar kemur að úthlutun stjórnunarstiga í matskerfinu.

Ofangreindar reglur hafa að mestu staðið óbreyttar árum saman, ef undan er skilin lítilsháttar breyting sem var gerð vegna skiptingar háskólans í fræðasvið 2008 og við ráðningu aðstoðarrektora. Ekki þótti ástæða til að gefa þessum reglum nánari gaum, enda höfðu stjórnunarstig lengst af lítil sem engin áhrif á ráðningar- og framgangsmál, eða launasetningu. Nú búa akademískir starfsmenn ríkisháskólanna hins vegar við nýtt launakerfi þar sem önnur stig en rannsóknir hafa áhrif á launasetninguna (þrepaskiptingu). Það er því löngu tímabært, og nú nauðsynlegt frá kjarasjónarmiði, að endurskoða gildandi reglur um stjórnun í matskerfinu.

Hugsunin að baki gildandi reglum um stjórnun er einkum sú að veita skuli stjórnunarstig (auk launagreiðslna) fyrir embættisstörf eftir „umfangi“ (þetta á við um námsbrautir, rannsóknastofnanir og deildir), auk þess sem stjórnun sem skipað er

hærra í formlegu stigveldi (e. hierarchy) skólans getur einnig fengið stig. Hvorug forsendan tryggir ásættanlega stigagjöf með tilliti til stjórnunar prófessora eða raunar annarra fastráðinna kennara.

Pannig háttar til að forysta háskóladeilda, námsbrauta og rannsóknastofnana er metin til launa hlutaðeigandi eftir ætluðu umfangi starfsins. Umfangið er því þegar hluti af starfskjörum áður en kemur að stigum í matskerfinu. Við stigasetningu embætta í matskerfi ættu ábyrgð og viðurkenning ekki síður að skipta máli en ætlað umfang. Færa má rök fyrir því að „umfang“ stjórnunarembætta sé að talsverðu leyti tvímetið í núverandi kjaraumhverfi háskólanna. Rétt er einnig að nefna í þessu sambandi að sviðsforysta er metin jafnt til stiga á öllum sviðum háskólans. Þá eru starfsnefndir háskólaráðs, og nefndir á vegum háskólaráðs eða rektors, ólíkar að umfangi, en fá þó sama matið í matskerfinu. Því má segja að hér sé nokkurt innbyrðis ósamræmi.

Í kjarasamningi Félags prófessora við ríkisháskóla og háskóla Íslands frá 7. október 2011 segir meðal annars:

„Stjórnun/þjónusta tekur til þeirra verkefna sem prófessor sinnir vegna starfs síns innan Háskóla Íslands sem ekki er kennsla eða rannsóknir. Þar á meðal eru ýmis störf við að stýra deildum og námsbrautum, störf í nefndum, seta á fundum og vinna við stefnumótun, álitserðir og umsagnir á vegum miðlægrar stjónsýslu, sviðs, deildar eða stofnunar, forsvar fræðigreina og rannsókna og önnur störf tengd skipulagningu kennslueininga, og umsýsla vegna nemenda og annarra innan og utan skólans sem ekki telst til beinnar kennslu eða rannsókna.“ Ljóst er að þessi skilgreining á stjórnun í stofnanasamningi fellur illa að gildandi reglum um stjórnun í matskerfinu.

Í ljósi þess sem að ofan greinir eru lagðar til eftirfarandi breytingar á matsreglum vegna stjórnunar:

1. Hinn mikli munur á stigagjöf vegna forystu námsbrauta, deilda og rannsóknastofnana verði endurskoðaður.
2. Í framhaldi af lið 1 verði endurskoðaður hin mikli munur sem er á stigagjöf vegna stjórnunar milli deilda, sviða og yfirstjórnar. Hér vekur sérstaka athygli að störf tveggja aðstoðarrektora eru nú metin til 50 stiga á ári á sama tíma og starf rektors er áfram metið til 100 stiga á ári. Hér verður að hafa í huga að hugmyndin með embættum aðstoðarrektora var meðal annars að létta álagi og verkefnum af rektor.
3. Meta skal til stiga störf varadeildarforseta.
4. Meta skal til stiga setu í stjórn rannsóknastofnana.
5. Meta skal til stiga störf í fastanefndum deilda.
6. Meta skal til stiga skýrslur og álitserðir á vegum deilda eða sviða sem viðkomandi starfsmaður er höfundur (eða meðhöfundur) að.
7. Meta skal til stiga umfangsmikla vinnu við skipulagningu námsleiða eða námsbrauta, hvort sem er innan deildar eða í þverfaglegu samstarfi milli deilda (samkvæmt nánari greinargerð)
8. Meta skal til stiga viðamikla vinnu vegna gæðaúttektar á vegum deildar eða sviðs (samkvæmt nánari greinargerð).

II. Um matsreglur vegna þjónustu.

Matskerfi opinberra háskóla metur þjónustu með eftirfarandi hætti:

D. Þjónusta

D1. Skipulagning alþjóðlegrar vísindaráðstefnu (2-10 stig)

Formennska/seta í ráðstefnunefnd.

D2. Opinber matsstörf (0-2 stig)

Seta í opinberum matsnefndum, tímabundið afmarkað verkefni.

D3. Seta í nefndum eða stjórnnum (0-2 stig)

Utan viðkomandi háskóla.

D4. Álitsgerðir og skýrslur (0-5 stig)

Skýrslur gefnar út án formlegrar ritrýni eða óútgefnar skýrslur og álitsgerðir sem birtast á vegum eða fyrir aðila utan viðkomandi háskóla. Skýrsla verður vera aðgengileg matsnefnd til þess að vera metin til stiga.

D5. Hugbúnaður (0-10 stig)

Hugbúnaðurinn þarf að fela í sér hagnýta hugbúnaðargerð og hafa dreifingu innanlands eða erlendis annaðhvort sem söluvara eða í opnum aðgangi (e. open source).

D6. Fræðsluefni fyrir almenning (0-20)

Í öllum tilvikum verður að vera um að ræða ritun og/eða miðlun efnis sem hlutaðeigandi háskólamenn taka að sér vegna fræðilegrar sérþekkingar sinnar.

1. Bækur almenns eðlis (0-20 stig)

2. Þýðingar almenns eðlis (0-10 stig)

3. Ritstjórn bóka og tímarita almenns eðlis (0-6 stig)

4. Grein í tímariti almenns eðlis (0-5 stig)

5. Ritdómur eða listdómur í fjölmiðli (1 stig)

(hámark: 10 stig/ári)

6. Grein í dagblaði (0-3 stig) eða samning þáttar í öðrum fjölmiðli (0-10 stig)

(hámark: 10 stig/ári)

7. Erindi á málstofu eða málþingi ætluðu almenningi (1 stig)

8. Upplýsingamiðlun og álitsgjöf (0-10 stig)

(hámark: 10 stig/ári)

D7. Sprotafyrirtæki (0-50 stig)

Metin eru sprotafyrirtæki og leyfissamningar við aðila utan viðkomandi háskóla. Þegar nokkur reynsla er komin á starfseminu, t.d. að 5-10 árum liðnum, er heimilt að endurmeta sprotafyrirtækið eða leyfissamninginn til allt að 50 þjónustustiga til viðbótar. Við matið er lítið til þátttöku starfsmanna og nemenda, eignarhalds og sýnileika viðkomandi háskóla í tengslum við verkefnið.

D8. Styrkir frá öðrum en samkeppnisjóðum (0-20 stig)

Heildarupphæð styrkja frá aðilum utan viðkomandi háskóla. Aðeins eru metnir styrkir sem fara í gegnum bókhaldskerfi viðkomandi háskóla, eða tengdra stofnana. Verkefnisstjóri/ábyrgðarmaður umsóknar fær einn stig nema ef samkomulag er um annað.

Það gildir um matsreglur vegna þjónustu, eins og alla aðra þætti en rannsóknir, að takmörkuð efnisleg umræða eða endurskoðun hefur farið fram innan háskólans.

Helstu athugasemdir sem gera má við matsreglur vegna þjónustu eru annars vegar sá víði og óljósi rammi (svigrúm) sem gefinn er vegna einstakra matsþátta, auk þess sem þjónustuþættir koma ekki til mats sem ástæða væri til að meta. Þá væri ástæða til að afmarka (þrengja) betur viss atriði. Þannig er enginn greinarmunur gerður á fræðsluefni á fagsvíði starfsmannsins (til almennings, eða nemenda á lægri námsstigum grunn- og framhaldsskóla) og útgefnu efni sem hefur lítið eða ekkert með fagsvið starfsmannsins að gera (t.d. ljóðabók, hljómplötu, eða fróðleiksrít um frímerki af hálfu prófessors í óskyldum fræðum). Þá vantar í þessar matsreglur störf á vegum fræðafélaga og hvers kyns viðurkenningu akademísku starfsmanns frá fagaðilum vegna fræðslu hans eða rannsókna. Loks vantar í matsreglurnar viðamikinn og mikilvægan þjónustuþátt akademískra starfsmanna sem er ritrýni á ritsmíðum til birtingar.

Því eru lagðar til eftirfarandi breytingar á matsreglum vegna þjónustu:

1. Greina ber á milli fræðsluefnis á fagsviði starfsmanns (hærra mat) og annars efnis eða útgáfa (lægra mat).
2. Veita þarf stig fyrir bókakafla, en ekki einungis bækur.
3. Greina þyrfti á milli greina eða annarrar umfjöllunar í dagblöðum og á fréttu- og fræðsluvefjum sem eru á fagsviði starfsmanns (hærra mat) og greina/umfjöllunar sem fellur utan við fagsvið hans (lægra mat).
4. Meta þarf setu í stjórn vísindafélaga. Þar ætti að jafnaði að vega þyngra þegar um alþjóðleg vísindafélög er að ræða og eins ætti formennska að vega þyngra en önnur stjórnarseta.
5. Meta þarf alþjóðlegar viðurkenningar á vegum vísindafélaga (hæst mat), alþjóðlegar viðurkenningar á vegum annarra fagaðila (lægra mat), innlendar viðurkenningar vísindafélaga (lægra mat) og aðrar innlendar viðurkenningar (lægst mat).
6. Greina þarf mun betur hvað felst í lið D6.8. Hér þarf m.a. að greina á milli upplýsinga/álitsgerða sem eru á fagsviði starfsmanns og annarrar upplýsingamiðlunar. Í því sambandi má hafa til viðmiðunar fjölda skipta sem leitað er til viðkomandi starfsmanns og fjölda aðila sem leitað hafa til hans.
7. Námsefnisgerð fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla ætti að falla undir þjónustupátt matskerfis, en ekki undir rannsóknir, eins og stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla hefur áður rökstutt í fyrri umsögnum sínum um matskerfið. Með sama hætti ætti fullorðinsfræðsla og skjólstæðingafræðsla, þar með talin gerð fræðsluefnis fyrir sjúklinga og aðra þjónustugega, að falla undir þjónustu og fá þjónustustig, enda sé slíkt fræðsluefni höfundarmerkt.
8. Ritrýni vegna vísindalegra handrita til birtingar á viðurkenndum vísindalegum vettvandi ætti að fá þjónustustig. Hér mætti greina á milli ritrýni bóka annars vegar og bókakafla og tímaritsgreina hins vegar. Eins kæmi til álita að greina á milli alþjóðlega viðurkenndra forlaga/tímarita og innlendra útgáfu við mat á ritrýni til þjónustustiga.

III. Um matsreglur vegna kennslu

Matskerfi opinberra háskóla metur kennslu með eftirfarandi hætti:

B. Kennsla

B1. Kennslureynsla

B1.1. Aðjunkt, lektor, dósent eða prófessor, fullt starf (10 stig/ári)

B1.2. Stundakennari sem hefur umsjón með námskeiðum, 2 stig/ári fyrir hvert námskeið, þó ekki meira en 6 stig/ári

B1.3. Kennslutækninámskeið (0-2 stig)

Kennsla í akademískum skiptiáætlunum er metin eins og stundakennsla.

B2. Kennslurit

B2.1. Smárit eða kennsluefni á vefnum (0-3 stig)

B2.2. Kennslurit, kennslubækur (5-60 stig)

Heimilt er að meta bráðabrigðarútgáfur kennslurita samkvæmt lið 2.1., en þau eru metin samkvæmt 2.2. þegar þau koma út í endanlegri útgáfu.

B3. Leiðbeining stúdenta og andmæli

B3.1. Við meistaraverkefni (2-4 stig)

B3.2. Við doktorsverkefni (10 stig)

B3.3. Seta í doktorsnefnd (3 stig)

B3.4. Andmælandi við doktorsvörn (3 stig)

Stig eru veitt fyrir leiðbeiningu nemenda í framhaldsnámi þegar verkefnunum er lokið. Nöfn á framhaldsnemum og verkefnum þurfa að koma fram. Fjöldi stiga fyrir meistaraverkefni fer eftir

umfangi þeirra. Leiðbeining við verkefni sem er minna en 50 ECTS-einingar gefur 2 stig, 50-70 ECTS-eininga verkefni gefur 3 stig og leiðbeining við verkefni sem er meira en 70 ECTS-einingar gefur 4 stig.

4. Nýsköpun í kennslu 2-10 stig

Unnt er að sækja um að fá metna vinnu við nýsköpun í kennslu og kennsluháttum, svo sem skipulagningu og skilgreiningu nýrra námsleiða, endurskipulagningu námskeiða, skilgreiningu nýrra námskeiða, þróun kennsluaðferða, gerð verkefnabanka og fleira. Skýrsla um nýsköpunarstarfið fylgi umsókn um mat samkvæmt þessum lið.

Það er almenn skoðun á vettvangi Félags prófessora við ríkisháskóla að háskólakennsla sé ekki nægilega vel metin í núverandi kerfi. Það lýtur einkum að alúð, framlagi og árangri kennara við kennslu. Þá er óljóst hvað hækkar eða lækkar stigagjöf þar sem gefin eru stigabil, einkum í liðum B.2.2 og B4.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á matsreglum vegna kennslu:

1. Útfært verði betur hvað felst í lið B2.2. Í þessu sambandi þarf að gera greinarmun á kennslurítum sem gefin eru út af viðurkenndum alþjóðlegum fræðiútgáfum (flest stig), innlendum viðurkenndum kennslu- eða fræðslubókaútgáfum (færri stig) og öðrum ritum sem notuð eru í kennslu (fæst stig).
2. Varðandi lið B4 fari skipulagning námsleiða og námsbrauta undir stjórnun (sjá að framan). Þá fái skipulagning nýrra námskeiða meira mat en endurskoðun eða endurskipulagning eldri námskeiða.
3. Stig verði veitt fyrir þróun nýrra kennsluaðferða og einnig fyrir innleiðingu aukinnar fjölbreytni í kennsluaðferðum eða námsmati innan einstakra námskeiða (með greinargerð eða námskeiðslýsingum sem votta breytingarnar).
4. Leiðbeiningu í BA/BS verkefnum á að sjálfsögðu að gefa stig eins gildir um aðra leiðbeiningu lokaverkefna.

IV. Um matsreglur vegna rannsókna

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla hefur tvívegis áður fjallað með ítarlegum hætti um matsreglur vegna rannsókna. Athugasemdir stjórnarinnar hafa beinst að fjölböfundareglunni, rúmun og óljósum matsramma í mörgum matsliðum rannsókna, skilgreiningu nýsköpunar, meðhöndlun tilvitnana, og atriðum sem ekki fela í sér öflun nýrrar þekkingar og ættu að heyra undir aðra þætti en rannsóknir.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til í kaflanum um rannsóknir

1. Stigabil fyrir bækur þyrfti að úrfæra betur í matsreglunum. Gríðarlegur munur er í reynd á umfangi, efnistökmum og fræðilegu vægi og framlagi bóka (liður A2). Þetta gildir raunar bæði um bækur sem gefnar eru út af alþjóðlegum og innlendum forlögum. Þótt viðurkennd akademísk forlög gefi út bækur sem standast þurfa vandaða ritrýni, er umfang fræðilegra bóka sem þau gefa út mjög mismikið, eða frá innan við 100 blaðsíðna smáritum um afmarkað efni sem ekki byggir á löngum rannsóknum höfunda/r, til fræðilegra stórvirkja upp á mörg hundruð blaðsíður sem geyma lungann úr fræðilegu ævistarfi höfundarins. Þessi gríðarlega breidd bókanna veldur því sjálfsagt að matskerfið getur gefið frá 1 til 100 stigum fyrir fræðilegar bækur. Telja má það vissan kost við matsreglurnar að búnir eru til flokkar með breiðum stigabilum sem væntanlega er ætlað að taka mið af því hver gefur bókina út, hvert nýnæmi og umfang vísindalegs efnis er, hvort ritrýni er beitt og hvernig og hver skírskotun bókarinnar er (lesendahópur). Hins vegar skortir skýr viðmið um hvernig beita á þeim víðu stigabilum sem gefin eru upp í matsreglunum og er

- mikilvægt að þau verði sett og gerð gagnsæ.
2. Samkvæmt gildandi matsreglum eru veitt 20 stig fyrir bókakafla í bókum gefnum út af virtum alþjóðlegum bókaforlögum og 15 stig fyrir innlenda bókakafla „með alþjóðlega skírskotun“ (þetta er hækkun stiga um 5 og 10 frá fyrri reglum) (liður A3). Þótt hugsun að baki sé góð þarf að hafa í huga að gríðarlegur munur er á nýnæmi og fræðilegu vægi og gildi bókakafla hjá akademískum bókaforlögum, hvort sem um er að ræða innlendar eða alþjóðlegar útgáfur. *Hér hefði þurft að skilgreina nánar og með gagnsæjum hætti hvenær bókakafla fær hærra og hvenær lægra mat* (hvort sem hann er gefinn út af virtu alþjóðlegu forlagi eða ekki). Það er t.d. mikill munur á kafla í bók sem einungis gefur yfirlit yfir innihaldið í öðrum sjálfstæðum köflum í bókinni (inngangskafli, gjarnan skrifaður af ritstjóra bókar), eða kafla sem einungis dregur saman umræðu eða niðurstöður í undangengnum sjálfstæðum köflum í bókinni (lokaorðakafla/samantektarkafli, gjarnan skrifaður af ritstjóra bókar), og svo þeirra kafla í sömu bók sem byggjast á sjálfstæðu rannsóknayfirliti og rannsóknaniðurstöðum höfundanna. Þá er rétt að hafa almennt í huga að mikilvægi eða áhrif (scientific impact) bókakafla er ekki metið í núverandi matsreglum, en minna er almennt vísað í bókakafla en tímaritsgreinar, meðal annars vegna þess að oftast er mun örðugra að leita að, finna og nálgast (t.d. hala niður) þá en greinarnar. Í mörgum greinum vísinda eru nýjar rannsóknir og niðurstöður ekki birtar í bókaköflum heldur tímaritsgreinum (gildir þetta um raunvísindi, heilbrigðisvísindi og stóran hluta félagsvísinda). Bókakaflar eru þá notaðir til síðari umræðu og yfirlits yfir áður birtar rannsóknir, og til fræðilegrar umræðu.
 3. Fjölhöfundareglan vanmetur augljóslega framlag aðalhöfundar í meðhöfundaverkum. Oftast er það einn höfundur sem leggur mesta vinnu að mörkum í þeim tilvikum. Í raunvísindum og hug- og félagsvísindum telst fyrsti höfundur að jafnaði hafa lagt mest til ritsmíðar, en í lífvísindum og læknisfræði teljast fyrsti og síðasti höfundur almennt hafa lagt meira til ritsmíðar en aðrir meðhöfundar. Í síðara tilvikinu kæmi til greina að miða aðalhöfund við þann sem erindum er beint til (corresponding author).
 4. Í núverandi matskerfi er undirkafla A.9.1 um „námsefnisgerð fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla“ sem getur gefið 10 rannsóknastig. Við þennan lið er það að athuga að þótt gerð kennslu- og fræðsluefnis byggji á fræðilegri þekkingu höfundar felst almennt ekki í slíkri vinnu öflun nýrrar þekkingar, sem er inntak rannsóknastarfs. Ef viðkomandi aðili er meðal höfunda að birtum frumrannsóknum sem hafa farið fram og tengjast námsefninu, fær hann þær að sjálfsögðu metnar undir rannsóknalið/um matsreglnanna. Annar annmarki þessa undirkafla (A.9.1) er að hann tekur einungis til leik-, grunn- og framhaldsskóla, en ekki fullorðinsfræðslu eða háskólastigs. Þá verður að telja eðlilegt að aðrir akademískir starfsmenn sem vinna fræðsluefni á sínu sérsviði fyrir skjólstæðinga sína og aðra notendur fái sambærilegt mat á verkum sínum. Þetta gildir ekki síst á heilbrigðisvísindasviði, þar sem ýmsir starfsmenn inna af hendi umfangsmikla vinnu við gerð fræðsluefnis fyrir sjúklinga, enda sé slíkt fræðsluefni höfundamerkt. Því er lagt til að þessi liður verði víkkaður, felldur út úr A-hluta og settur undir þjónustuhluta (D-hluta) matsreglnanna.
 5. Um flokk A10 í matsreglunum (um nýsköpun) er það að segja að í stórum hluta atriða í þessum kafla felast verk kennara eða fræðimanns einkum í miðlun, yfirfærslu eða hagnýtingu á þekkingu og reynslu, fremur en öflun nýrrar þekkingar. Þennan flokk matsreglnanna þyrfti því að endurskoða. Um leið þarf að horfa til fleiri þátta nýsköpunar en nefndir eru í reglunum og er þar einkum átt við

- gerð klínískra leiðbeininga til starfsmanna á heilbrigðis- og félagsþjónustusviði, en slíkar leiðbeiningar byggjast jafnan á nýjustu rannsóknum. Loks má nefna að mikill vöxtur er í rannsóknum og hagnýtingarverkefnum á sviði stafrænna hugvísinda, svo sem máltækni, gagnagrunna o.fl., sem hingað til hefur gengið illa að fá metin í núverandi matskerfi. Um alla þessa þætti nýsköpunar þarf að ákvarða hvaða þættir falla innan rannsókna annars vegar og þjónustu hins vegar.
6. Rétt er að benda á að tilvitnanir eru ein helsta viðmiðun áhrifa og árangurs í vísindastarfi. Því er eðlilegt að endurskoða reglur um mat á tilvitnunum til stiga og að þau stig fái sams konar meðhöndlun og önnur rannsóknastig. Í þessu sambandi þyrfti að taka tillit til ólíks fjölda tilvitnana milli greina og sviða (þær tölur eru þegar til í alþjóðlegum gagnagrunnum) og meta hlutfallslega stöðu hvers fræðimanns innan sinnar greinar/sviðs til stiga.

Reykjavík, 16. febrúar 2018

Rúnar Vilhjálmsson
Formaður Félags prófessora við ríkisháskóla